



## 5. Umhverfisnefndarfundur

Mættir: SIRRÝ, Haukur, Hulda Hrönn, Bergur Tjörvi, Snorri, Sara Björk, Már Óskar, Óðinn Þór, Magnús Örn, Alexíus Máni, Jörundur, Gummi Kári og Magnús Veigar (Elín Victoría og Reimar Atli fengu að fylgjast með).

- Byrjuðum á að ræða það hvað umhverfisnefnd sé.
  - Þar sem við tölum um umhverfið og flokkun
- Hvernig gengur okkur að vernda umhverfið?
  - Fínt, bara svona vel, erum dugleg að flokka rusl.
  - Við hugsum um umhverfið og dótið svo það fjúki ekki í náttúruna.
  - Endurvinnsla plastics, afhverju erum við að endurvinna plast? Hvernig er plast búið til? Hvað er búið til úr endurunnu plasti? T.d. flíspeysurnar sem SIRRÝ og Haukur voru í. Leikföng eru oft búin til úr plasti.
  - Óendurvinnanlegt sorp, hvað verður um það? Rætt um urðun og mengunina sem hlýst af henni. Rafhlöður, rætt um mikilvægi þess að flokka spilliefni.
- Svo hófst umræða um markmiðin okkar og þemu.
- Hvernig gekk að læra um hringrás vatns? Allir sammála um að það hafi gengið mjög vel og að þau séu mjög flínk í að segja frá hringrás vatns.
- Út frá hringrásarumræðunni barst talið að rusli og þar má sérstaklega nefna rafhlöður í náttúrunni og hvaða áhrif það hefur á drykkjarvatn og hringrás vatns.
- Haukur var með sýnikennslu (**myndband**) þar sem hann setti vatn í glæran dall og setti svo dropa af bleki ofan í og við fylgdust með því hvernig vatnið varð óhreint. Og svo var útskýrt að þetta „mengaða“ vatn færi svo í hringrásina. Allir voða áhugasamir.
- Hvernig gekk að fódra fuglana? Mjög vel.
- Hvernig gengur að fara sparlega með vatn? Vel
- Hvernig gengur að fara í göngutúra og kanna nærumhverfi og lífríki? Mjög vel, erum búin að búa til sniglabú. Og Fuglahópur er að vinna í útskriftarverkefninu sínu „Átthagar mínir“.
- Fundi slitið